


Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hf,
Berghólabraut 7
260 Njarðvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. desember 2011
Tilvísun: UST20111000063/edk

Áminning vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 14. október 2011 þar sem áformuð var áminning á Sorpeyðingarstöð Suðurnesja vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis. Rekstraraðila var veittur frestur til 31. október sl. til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þann 1. nóvember sl. hafði rekstraraðili samband og óskaði eftir fresti og fundi með Umhverfisstofnun og var fallist á þá ósk. Fundurinn var haldinn 24. nóvember sl. og þar komu fram ýmis sjónarmið rekstraraðila varðandi þau fjögur frávik sem eru rædd hér að neðan en Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á að úrbætur hafi verið gerðar.

Rekstraraðili uppfyllir ekki eftirtalin atriði í starfsleyfi að mati Umhverfisstofnunar:

- Samkvæmt grein 2.19 í starfsleyfi fyrirtækisins skal útblástursloft hreinsað með virkum kolum og basískri íblöndun í þurrhreinsibúnaði sem tryggir að styrkur súrra gastegunda, þungmálma og annara mengunarefna í útblæstri fari ekki yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfinu. Niðurstöður símaelinga sýna að hreinsibúnaður brennslustöðvarinnar uppfyllir ekki ákvæði greinar 2.19, sbr. grein 2.21 í starfsleyfi fyrirtækisins. Í bréfi dags. 14. október sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir tillögum að úrbótum á mengunarvarnarbúnaði eða aðrar tillögur sem draga úr losun HCl í útblæstri stöðvarinnar. Á fundi 24. nóvember sl. sagði rekstraraðili að mælirinn fyrir HCl gæti hugsanlega verið bilaður og því væru mæliniðurstöðurnar ekki endilega réttar. Umhverfisstofnun fer því fram að rekstraraðili geri úrbætur til að tryggja áreiðanlegar mæliniðurstöður og sýni nýjar mæliniðurstöður að HCl sé yfir mörkum líkt og fyrri mæling bendir til þá geri rekstraraðili viðeigandi ráðstafanir til að ná styrk þess niður í útblæstri frá stöðinni.
- Mælingar fyrir dioxín/furön frá því í desember 2010 sýna að styrkur þeirra í útblæstri er 0,59 ng/Nm³ en losunarmörk skv. starfsleyfi eru 0,1 ng/Nm³. Umhverfisstofnun bárust 15. mars sl. athugasemdir frá Kölku Sorpeyðingarstöð Suðurnesja þar sem áreiðanleiki mælingarinnar er dreginn í efa. Umhverfisstofnun bendir á að umræddur mælingaraðili hefur gert mælingar á dioxíni í útblæstri hjá Kölku síðastliðin ár og ekki hafa komið fram athugasemdir við þær niðurstöður. Umhverfisstofnun fer því fram að nýjar mælingar á dioxíni verði gerðar til að taka af allan vafa um dioxínlosun frá fyrirtækinu. Umhverfisstofnun bendir á að mæla skal dioxín tvívar á ári og gerir Umhverfisstofnun þær kröfur að mælingar séu gerðar með hæfilegu millibili til að fá sem besta mynd af mengunarefnum í útblæstri yfir árið hjá fyrirtækinu.


- Samkvæmt grein 4.5 í starfsleyfi skal fyrirtækið hafa tiltæka viðbragðsáætlun og hún er ekki til staðar hjá fyrirtækinu.
- Samkvæmt grein 4.6 í starfsleyfi skal fyrirtækið hafa tiltæka neyðaráætlun og hún er ekki til staðar hjá fyrirtækinu.


Umhverfisstofnun veitir hér með Sorpeyðingarstöð Suðurnesja áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem enn á eftir að bæta úr fjórum framangreindum frávikum. Umhverfisstofnun veitir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja frest til 9. janúar til að skila inn staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar eða fullnægjandi áætlun um hvenær þær skulu framkvæmdar.

Sinni Sorpeyðingarstöð Suðurnesja ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kæran borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst Sorpeyðingarstöð Suðurnesja í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæran sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja